

Mættir á fundinn: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Hannes Sigurðsson (Listfræðafélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM), Auður Jörundsdóttir, framkvæmdastjóri KÍM og Klara Þórhallsdóttir verkefnastjóri KÍM

Fundur hefst kl. 8:50

Dagskrá:

1. Heiðursviðurkenning

Dagný skrifaði drög að texta um listamanninn sem hlýtur heiðursviðurkenningu 2021. Ráðið samþykkir drögin og Dagný mun fullvinna textann sem mun birtast í tímariti um íslenska myndlist er verðlaunaafhendinginn fer fram í febrúarlok.

2. Stefnumörkun Myndlistarráðs og tillögur að breytingum á úthlutunarreglum.

Drög að stefnumörkun myndlistarráðs ásamt breytingartillögum voru sendar á ráðsmenn fyrir fundinn. Allir voru sammála um að gera orðalagsbreytingar í textadrögunum. Verkefnastjóri myndlistarsjóðs tekur saman og sendir á ráðsmenn eftir fundinn.

Breyting á reglum um val á listamanni til hvatningarverðlauna. Allir voru samþykkir því að opna þyrfti orðalagið svo allir gætu átt tækifæri á að hljóta hvatningaverðlaun. Þá var samþykkt að taka út þau tilmæli að listamaður þyrfti að vera ungur og að hafa útskrifast úr námi innan 5 ára.

„Hvatningarverðlaun verða veitt starfandi myndlistarmanni sem nýlega hefur komið fram á sjónarsviðið og vakið athygli með verkum sínum.“

Breytingar á úthlutunarreglum úr myndlistarsjóði voru nokkrar en hugmyndin var að einfalda reglurnar og samræma við lög sem myndlistarsjóði ber að vinna eftir skv. ráðherratilskipun Flokkum verður fækkað úr fimm í þrjá: undirbúningsstyrkir, styrkir til sýninga og styrkir til annars, m.a. til rannsókna og útgáfu.

Breyting á lágmarks og hámarksupphæð tekið út við í tilgreiningu flokka og hámarksupphæð verði veitt að jafnaði 3. Milljóna króna, en lágmarksstyrkir fari ekki undir 300.000 kr.

Verkefni geti verið í vinnslu í allt að 2 ár en verkefnum má ekki vera lokið er sótt er um styrk.

Ákveðið var að myndlistarsjóður geti veitt allt að 70% af áætluðum heildarkostnaði verkefna. En umsækjandi þarf að tilgreina aðra fjármögnun verkefnisins á móti styrknum sem sótt er um til myndlistarsjóðs.

Jafnframt var ákveðið að veita styrki til tækjakostnaðar ef það er aðkallandi fyrir verkefnið sjálft, ekki einungis leigu á tækjum

Ýmsar aðrar hugmyndir voru til umræðu en ekki þótti tímabært að fara í frekari breytigar þar sem óvissa ríkir um næsta ár í kjölfari vinnu við nýja myndlistarstefnu og hugsanlegra breytinga á starfi myndlistarsjóðs.

Að lokum var rætt um mikilvægi þess að skerpa á áherslum um að gæta jafnræðis við styrkúthlutanir þannig að myndlistar fólk sitji við sama borð: óháð kyni, búsetur á landinu og uppruna.

Verkefnastjóri myndlistarsjóðs mun taka gögn saman og senda á ráðsmenn til yfirlesturs.

3. Önnur mál

Engin.

Fundur áætlaður 11. janúar 2021

Fundi slitið kl. 9:45